# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2018, föstudaginn 30. nóvember kl. 09:12, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 707. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón B. Gíslason, Jón Kjartan Ágústsson, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Margrét Þormar, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

**Þetta gerðist:**

1. **Stangarhylur 3-3A,** *Reyndarteikningar - áður gert gistiheimili* (04.232.202) Mál nr. BN055408 Skjalnr. 9724

550217-1120 Stangarhylur 3 ehf., Digranesheiði 30, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun hússins úr verslunar- og skrifstofuhúsi í gististað í flokki II tegund b fyrir alls 76 gesti, um er að ræða áður gerðar breytingar í húsi á lóð nr. 3-3a við Stangarhyl. Erindinu fylgir bréf hönnuðar dags. 20.11.2018 þar sem sótt er um breytta notkun á húsnæðinu. Gjald kr. 11.000

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Þingholtsstræti 25,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.183.3) Mál nr. SN180792 Skjalnr. 10474

671117-0340 Papbýlisfjall ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar dags. 12. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 6. nóvember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grundarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 25 við Þingholtsstræti sem felst í viðbygging við suðurgafl núverandi húss verði stækkuð, vestursvalir verði stækkaðar, íbúðum fjölgað, fyrirhugaður göngustígur að almenningsgarði frá Spítalastíg verði felldur niður o.fl. samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 24. maí 2017 og 28. ágúst 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Gufunesvegur 10,** *Ósk um færslu á vegi* (02.226.001) Mál nr. BN055485 Skjalnr. 14050

510588-1189 SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi á lóð sem felst í breikkun vegar við norðvesturenda húss á lóð nr. 10 við Gufunesveg. Gjald kr. 11.000

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Úlfarsfell,** *nýtt deiliskipulag* (02.6) Mál nr. SN170752
Skjalnr. 8533

470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli. Umrædd framkvæmd tryggir fullnægjandi útvarps- og fjarskiptaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og til að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja er lagt til að unnið verði með náttúruleg byggingarefni á þann hátt að mannvirkin falli sem best inn í landslagið og umhverfið. Stærð skipulagssvæðis er um 1,3 ha, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 7. september 2018.
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til 17. desember 2018.*

5. **Urðarbrunnur 30,** *Einbýlishús* (05.054.601) Mál nr. BN055356
Skjalnr. 14042

Sæþór Ásgeirsson, Þingasel 4, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á þremur pöllum úr Ytong einingum á lóð nr. 30 við Urðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018. Stærð, A-rými: 325 ferm., 1.463,9 rúmm. Gjald kr. 11.000
*Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018.*

6. **Vesturgata 33,** *(fsp) bíslag með svölum* (01.135.1) Mál nr. SN180791
Skjalnr. 6260

Örvar Geir Örvarsson, Vesturgata 33, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Örvars Geirs Örvarssonar dags. 10. nóvember 2018 um að byggja bíslag með svölum við inngang á austurhlið hússins á lóð nr. 33 við Vesturgötu.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

7. **Rökkvatjörn 6 og 8,** *málskot* (05.052.3) Mál nr. SN180822
Skjalnr. 14012

Björgvin Ibsen Helgason, Álfaskeið 70, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram málskot Björgvins Ibsens Helgasonar f.h. Bf. Sperrur ehf. dags. 16. nóvember 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 14. september 2018 um hækkun á fyrirhuguðu byggingum á lóð nr. 6 og 8 við Rökkvatjörn þannig að fjöldi hæða verði fimm.
*Vísað til skipulags-og samgönguráðs.*

8. **Blesugróf 34,** *breyting á deiliskipulagi* (01.885.5) Mál nr. SN180814
Skjalnr. 14047

650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
701294-8909 Skipulags/arkitekt/verkfrst ehf, Garðastræti 17, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. 26. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 34 við Blesugróf. Í breytingunni felst að heimilt er að reisa tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð innan núverandi byggingarreits og með nýtingarhlutfalli 0,45, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta-, og verkfræðistofunnar ehf. dags. 23. nóvember 2018.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1193/2016.*

9. **Grundargerði 28,** *(fsp) stækkun húss* (01.814.2) Mál nr. SN180817
Skjalnr. 14048

Kjartan Gunnarsson, Flétturimi 6, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Kjartans Gunnarssonar dags. 27. nóvember 2018 um stækkun hússins á lóð nr. 28 við Grundargerði, samkvæmt skissu ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Laugavegur 51,** *Breyting / uppfært bílastæðabókhald - BN055156* (01.173.024) Mál nr. BN055399 Skjalnr. 11094

581200-2770 STS ISLAND ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi bílastæða á lóð v/gerðar eignaskiptasamnings í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 51 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags.30. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018 samþykkt.*

11. **Vesturberg 32-44,** *(fsp) breyting á notkun kjallara* (04.666.2) Mál nr. SN180762 Skjalnr. 11770

Þórunn Davíðsdóttir, Vesturberg 40, 111 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Þórunnar Davíðsdóttur mótt. 15. október 2018 um að breyta notkun kjallara hússins nr. 40 á lóð nr. 32-44 við Vesturberg í íbúð og setja hurð og tvo glugga á norðurhlið hússins ásamt tröppum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018 samþykkt.*

12. **Hrefnugata 5,** *Fjarlæga skúr og byggja nýjan* (01.247.208) Mál nr. BN054988 Skjalnr. 13725

Kári Sigurðsson, Bretland, Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 16. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að rífa bílskúr og byggja nýjan á lóð nr. 5 við Hrefnugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 29. október 2018 til og með 26. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2018. Stærð: 34,5 ferm og 76,1 rúmm. Gjald kr. 11.000

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

13. **Laugavegur 103,** *(fsp) gististaður* (01.240.0) Mál nr. SN180689 Skjalnr. 6847

630300-2580 Berg Framtíð ehf., Dalaþing 6, 203 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Bergs Framtíðar ehf. dags. 3. október 2018 varðandi rekstur gististaðar í íbúð 501 í húsinu á lóð nr. 103 við Laugaveg.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

14. **Seljavegur 32,** *Breytingar innanhúss og setja stiga í stað svala.* (01.133.111) Mál nr. BN055266 Skjalnr. 12744

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi fyrir breytingum innanhúss, þannig að gististaður verður í flokki II, teg. c ásamt því að koma fyrir flóttastiga í stað svala í húsi á lóð nr. 32 við Seljaveg.
Erindi fylgir bréf frá Ríkiseignum dags. 10. apríl 2018 þar sem Lotu ehf., er veitt umboð til að leggja erindið inn til byggingarfulltrúa. Gjald kr. 11.000

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

15. **Suðurlandsbraut 16,** *Ármúli 13a - br. skrifst. og iðnaðarhúsn. í hótel /veitingastað* (01.263.102) Mál nr. BN055492 Skjalnr. 5524

711096-2059 S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að beyta núverandi skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði í gististað í flokki IV - tegund a) hótel fyrir ? gesti og veitingastað í flokki II - tegund c) skyndibitastað ásamt því að koma fyrir tveimur flóttastigum á austur- og vesturhlið í húsi á lóð nr. 13a við Ármúla. Stækkun B-rými: x ferm., x rúmm. Gjald kr. 11.000
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Öldugata 12,** *Viðbyggingar* (01.136.316) Mál nr. BN054613 Skjalnr. 13904

Jón Gunnlaugur Jónasson, Öldugata 12, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvær viðbyggingar með þaksvölum við hús á lóð nr. 12 við Öldugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 31. október 2018 til og með 28. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust. Bréf með rökstuðningi um endurupptöku frá eigendum dags. 23. apríl 2018, afrit af tölvupósti SHS dags. 2. mars 2018, útlitsteikningar með undirritun eigenda nr. 10, 13 og 14 ódagsett fylgir með umsókn. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. febrúar 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2018. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí 2018. Erindinu fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 18.06.2018. Stækkun viðbygging: xxx ferm., xxx rúmm. Stækkun bílskúr: xxx ferm., xxx rúmm.
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

17. **Grenimelur 26,** *(fsp) kvistir* (01.540.2) Mál nr. SN180805 Skjalnr. 14044

Birgir Jón Birgisson, Grenimelur 26, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2018 var lögð fram fyrirspurn Birgis Jóns Birgissonar dags. 16. nóvember 2016 um að setja kvisti á norður og suðurhlið hússins á lóð nr. 26 við Grenimel. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018 samþykkt.*

18. **Hávallagata 9,** *breyting á deiliskipulagi* (01.160.3) Mál nr. SN180807 Skjalnr. 12958

Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir, Hávallagata 9, 101 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 21. nóvember 2018 ásamt bréfi dags. 5. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Hávallagötu. Í breytingunni felst stækkun húss og breyting á þakformi. Einnig er lagt fram álit Péturs H. Ármannssonar arkitekts dags. 15. nóvember 2018.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

19. **Lautarvegur 20, 22, 24 og 26,** *breyting á deiliskipulagi* (01.945) Mál nr. SN180816 Skjalnr. 13837

Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yri arkitekta ehf. dags. 27, nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 20, 22, 24 og 26 við Lautarveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum úr fjórum í átta, tvær í hverri húseiningu, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 26. nóvember 2018
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016*

20. **Nýr Landspítali við Hringbraut,** *breyting á deiliskipulagi* (01.19) Mál nr. SN180802 Skjalnr. 12506

500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helgu Bragadóttur arkitekts f.h. Nýs Landspítala ohf. dags. 19. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst að koma fyrir tveggja hæða bílgeymslu undir aðaltorgi/Sóleyjartorgi, sem fær nr. 37. Aðkoma í bílgeymslu verður frá þvergötu austan torgsins milli efri og neðri götu. Breytt er aðkomu við inngang í bráðamóttöku og bílastæðafyrirkomulagi á sunnanverðu Sóleyjartorgi og bílastæðum þar fækkað. Jafnframt er fækkað bílastæðum í bílgeymslu neðanjarðar á reit 35 sunnan geðdeildar o.fl., samkvæmt uppdr. SPITAL dags. 15. nóvember 2018.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1193/2016*

21. **Óðinsgata 14,** *Stækka einbýlishús og áður gerðar breytingar* (01.184.421) Mál nr. BN043574 Skjalnr. 11203

Anna Sigurveig Magnúsdóttir, Óðinsgata 14, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júlí 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júní 2018 þar sem sótt er um samþykkt á áður gerðum breytingum og stækkun á einbýlishúsi á lóð nr. 14 við Óðinsgötu. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. ágúst 2018.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 8.000 + xx
*Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

22. **Álmgerði 1,** *breyting á deiliskipulagi* (01.803.1) Mál nr. SN180780 Skjalnr. 5375

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
500300-2130 Landspítali, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. nóvember 2018 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 7. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Landspítala Grensásdeildar vegna lóðarinnar nr. 1 við Álmgerði. Í breytingunni felst að byggingarreitur vestan við núverandi aðalbyggingu er stækkaður og sameinaður og bílastæðum verður fjölgað á lóðinni, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 27. september 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

23. **Hraunbær 103A,** *Aukning á A rýmum BN054285 og breytt skipulag* (04.331.103) Mál nr. BN055462 Skjalnr. 8320

610786-1629 Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. nóvember 2018 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054285 þannig að byggt verður við suðurgafl á 6. til 9. hæð og austurgafl á 8. og 9. hæð, endaíbúðir þessara hæða stækka, að auki er innra skipulagi íbúða og geymslum breytt í húsi á lóð nr. 103a við Hraunbæ. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018. Stækkun: Gjald kr. 11.000

*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagfulltrúa dags. 30. nóvember 2018.*

24. **Kambsvegur 24,** *Viðbygging* (01.354.107) Mál nr. BN055119 Skjalnr. 11814

Viggó Þór Marteinsson, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík
Þórhildur Þórisdóttir, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við bílskúr og innrétta gróðurskála og vinnuherbergi í stækkuðum bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 24 við Kambsveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2018. Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. nóvember 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2018. Stækkun: 40 ferm., 110,6 rúmm.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Njálsgata 56,** *breyting á deiliskipulagi* (01.190.3) Mál nr. SN180702 Skjalnr. 11082

James Matthew Fletcher, Njálsgata 56, 101 Reykjavík
460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. október 2018 var lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 6. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.3, vegna lóðarinnar nr. 56 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að hækka og stækka núverandi byggingu og setja kvisti á þak, breyta byggingarreit til suðurs og byggja þar nýja viðbyggingu á einni hæð með kjallara og svölum á þaki byggingarinnar, rífa núverandi bílgeymslu og byggja nýja bílgeymslu og færist sú bygging u.þ.b. 5,8 metra inná lóðina svo útbúa megi bílastæði á lóð, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf. dags. 19. september 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

26. **Bíldshöfði 9,** *Mathöll - 1.hæð* (04.062.001) Mál nr. BN055470 Skjalnr. 7776

410316-2260 MAXIMON ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík
510315-2860 Opus fasteignir B9B ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir matarmarkaði og sex veitingastöðum í rými 0104, einum í flokki I - tegund C og fimm í flokki II - tegund C, ásamt starfsmannarými og þurrvörulager í hluta rýmis 0105 í húsi á lóð nr. 9 við Bíldshöfða. EInnig lögð fram umsögn skipulagfulltrúa dags. 30. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000

*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2018.*

27. **Grensásvegur 1,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.460.0) Mál nr. SN180770 Skjalnr. 5328

690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Einarssonar dags. 2. nóvember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Skeifunnar vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg sem felst í að byggja íbúðir á lóðinni í bland við þjónustu á jarðhæð ásamt aukningu á byggingarmagni lóðarinnar sem felst í að byggja nýja byggingu meðfram Skeifunni í stað tveggja núverandi bygginga. Nýtingarhlutfall ofanjarðar hækkar úr 1,64 í 1,94, samkvæmt tillögu Batterísins Arkitekta ehf. dags. 1. nóvember 2018.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

28. **Hlíðargerði 26,** *Viðbygging suðurhlið.* (01.815.407) Mál nr. BN055286 Skjalnr. 13456

Svanur Baldursson, Hlíðargerði 26, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu með anddyri við aðalinngang á suðurhlið einbýlishússins á lóð nr. 26 við Hlíðargerði. Erindi var grenndarkynnt frá 29. október 2018 til og með 26. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2015.
Stækkun: 6,8 ferm., 21,2 rúmm. Gjald kr. 11.000

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

29. **Kleifarás 6,** *Stækkun og breyting á einbýlishúsi* (04.375.503) Mál nr. BN055484 Skjalnr. 14049

Agnar Bergmann Birgisson, Kleifarás 6, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. nóvember 2018 þar sem sótt er um leyfi til að stækka og breyta einbýlishúsi nr. 6 við Kleifarás.
Stækkun: xx,xx ferm., xx,xx rúmm. Gjald kr. 11.000

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

30. **Vonarstræti 4/Lækjargata 12,** *breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN180744 Skjalnr. 13975

630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. nóvember 2018 var lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10-12, Vonarstræti 4 og 4b, Skólabrú 2 vegna lóðarinnar nr. 4 við Vonarstræti. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka mænishæð á þaki hússins og setja sex nýja kvisti. Heimilt verður að útbúa fjögur ný hótelherbergi á breyttri þakhæð og mun hæðin samtengjast efstu hæð nýbyggingar er liggur samsíða henni, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta slf. dags. 24. október 2018. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. júní 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1193/2016.*

31. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, veitingastaðir,** *breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur*

Mál nr. SN180664
Skjalnr. 5987

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2018 þar sem stofnunin fellst á að um óverulega breytingu sé að ræða en bendir á að gera þarf nokkrar lagfæringar á gögnum, sbr. bréf stofnunarinnar, áður en stofnunin getur staðfest aðalskipulagsbreytinguna.

*Vísað til meðferðar hjá deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:54.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir